

Þingsályktunartillaga um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, mál 727 - aths.

Kristín Svavarsdóttir [kristinsvav@gmail.com]

Sent: 8. maí 2012 23:39

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

*Alþingi
Erindi nr. P 140/2172
komudagur 8.5.2012*

Atvinnuveganefnd Alþingis,
Nefndasviði Alþingis.

Ég, Kristín Svavarsdóttir (010759-3319), vil gera nokkrar athugasemdir við þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, mál 727. Ég tel mikilvægt í allri umræðu um þingsályktunartillöguna að haft sé í huga að þegar hefur orðið mikið rask og skemmdir á vistkerfum svo ekki sé talað um rask á landslagsheildum vegna virkjunaframkvæmda, bæði vatnsafls- og háhitavirkjana.

Ég tek í stórum dráttum undir umsögn sem 13 náttúruverndarsamtök sendu inn um drög að þingsályktunartillögunni í nóvember 2011. Til viðbótar tel ég mikilvægt að gera athugasemdir við niðurstöðður rammaáætlunar um virkjunarhugmyndir á Reykjanesskaga. Reykjanesskaginn er mikilvægt útivistasvæði í næsta nágrenni við höfuðborgina og þéttbýlasta hluta landsins. Þetta er svæði sem er mjög aðgengilegt fyrir almenning og erlenda ferðamenn sem langflestir koma til landsins um Keflavík. Þá tel ég sérstaklega mikilvægt að svæðin innan fólkvangsins verði öll sett í verndarflokk. Ég geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er þegar fjölsótt en um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar. Það ætti því áður en lengra er haldið að meta hvaða möguleika verndun svæðanna hefur fyrir nærsamfélögin og að virkjunarhugmyndirnar séu a.m.k. settar í biðflokk á meðan.

Virðingarfyllst,
Kristín Svavarsdóttir
kristinsvav@gmail.com